

Ályktun 14. landsfundar kvennalistans um menntamál

Landsfundur Kvennalistans í Viðeyjarstofu 2. - 3. nóv. 1996 vill að menntun verði forgangsmál í íslensku samfélagi. Konur eru hvattar til að beita sér fyrir umbótum í skólastarfi og nýta til þess þau tækifæri sem skapast á vettvangi sveitarstjórna, í skólum, foreldraráðum og foreldrafélögum.

Góð menntun er fjárfesting til framtíðar. Fjársvelti og niðurskurður í menntakerfinu leiða ekki til framfara og umbóta í skólastarfi.

Tryggja þarf að allir nemendur njóti réttar til náms við hæfi óháð kyni, uppruna eða búsetu. Auka þarf áherslu á jafnréttisfræðslu í námskrá og námsefni og koma á námskeiðum fyrir kennara. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi ríki skilningur á ólíkum þörfum stúlkna og drengja.

Menntakerfið þarf að vera sveigjanlegt og ýta undir sköpun og nýja hugsun, það þarf að vera þess megnugt að taka nýja tækni í þjónustu sína og undirbúa nemendur, stelpur jafnt og stráka til fullrar þátttöku í þekkingarsköpun í upplýsingaþjóðfélagi. Hún er ein af undirstöðum sjálfstæðis okkar og leið til nýrra atvinnumöguleika. Kvennalistinn vill brýna stelpur sérstaklega til virkrar þátttöku og frumkvæðis á öllum sviðum tækni og vísinda.

Í ljósi þess að um 70% ungs atvinnulauss fólks hefur aðeins grunnskólamenntun er mikilvægt að koma á fót fjölbreyttum starfsnámstilboðum sem veita aukin atvinnutækifæri.

Koma þarf á starfsnámsbrautum í framhaldsskólum sem höfða til stúlkna. Tryggja þarf að atvinnulífið viðurkenni starfs- og verknám til réttinda á vinnumarkaði.

Skólinn á bæði að stuðla að námi og þróun þekkingar og sinna því mikilvæga hlutverki að undirbúa nemendur sína til að verða jafngildir þegnar í þjóðfélagi sem konur móta jafnt og karlar.